

SKÁLASVÆÐI VIÐ HRAFNTINNUSKER Í RANGÁRÞINGI YTRA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð uppbygging þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hranftinnusker í Rangárþingi ytra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð leyfum Rangárþings ytra skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf samþykkis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir nýjum mannvirkjum þ.m.t. vatns- og fráveitu. Áður en leyfi sveitarstjórnar er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2010.

22. september 2010.

INNGANGUR

Pann 17. ágúst 2010 tilkynnti Landform ehf., f.h. Ferðafélags Íslands, uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hrafninnusker í Rangárþingi ytra til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 12 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með bréfi dags. 11. september 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. september 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 20. september 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. september 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Ferðafélagi Íslands með bréfi dags. 21. september 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið hafi verið deiliskipulag af skálasvæðinu við Hrafninnusker með það markmið að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu. Fram kemur að áætlaður fjöldi ferðamanna í skálum og á tjaldsvæði við Hrafninnusker hafi verið á bilinu 100-150 manns á dag sumarið 2008. Núverandi skáli rúmi um 50 manns og fjölgun ferðamanna síðustu 6 árin hafi hlutfallslega mest verið á tjaldsvæðinu og því mikilvægt að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn. Fyrirhuguð framkvæmd sé innan 1,2 ha svæðis í rúmlega 1000 m h.y.s í litlum gíslakka milli Söðuls og Hrafninnuskers.

Fram kemur að heildarstærð núverandi mannvirkja sé um 172 m² en geti orðið allt að 430 m² skv. deiliskipulaginu. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd felist í stækkun skála, byggingu skálavarðarhúss, stækkun útikamars og uppsetningu vindskýlis og skjólveggja á tjaldsvæði. Vindskýli, með vaski og einfaldri eldunar- og grillaðstöðu, geti orðið allt að 50 m² og að hluta yfirbyggt. Skjólveggir, í tengslum við vindskýli, megi vera allt að 1,25 m á hæð og 2-3 m langir.

Fram kemur að á svæðinu séu nú þegar skáli, kamar, lagnir og annað sem tilheyrir skálasvæðinu. Fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér breytingar á grunneðli svæðisins. Útlit skálanna verði samræmt m.t.t. litavals, þakhalla og annars útlits og húsin verði á tiltölulega afmörkuðu svæði. Með þessu móti verði dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Framkvæmdin á svæðinu sé hvorki talin hafa neikvæð áhrif á yfirborðsvatn né grunnvatn. Fram kemur að enginn gróður sé innan deiliskipulagsreits og gróðursetning plantna sé óheimil á svæðinu. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd muni koma til með að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og hafi því jákvæð áhrif fyrir þá.

Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Svæðisskipulag miðhálendis 2015 og Aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 og endurskoðun þess sem sé á lokastigi. Framkvæmdin er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis við Hrafninnusker dags. 3 maí 2010 sem var í kynningu til 3. ágúst 2010.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bregðast við aukinni umferð ferðamanna, bæta þjónustu og öryggi.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Í umsögnum Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á mikilvægi þess að hönnuðir fjalli ítarlegar um fráveitu og umhverfisvernd, sem að þeim þáttum lýtur. Ekki sé nægjanlegt að vísa einungis í leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar nr. 03/2004, um fráveitur og rotþrær. Starfsemin hafi tilskilin starfsleyfi en ný mannvirki þ.m.t. vatns- og fráveitur þurfa samþykki embættisins.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við umfjöllun um akstursleið að skálasvæðinu og minnr á að akstur þangað er aðeins leyfilegur á frosinni og snævi þakinni jörð.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að fallið er frá tillögum um vegslóð og bílastæði við skálann.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt tilkynningu sé ekki ljóst hvort ætlunin sé að skólphreinsun verði með safntönkum og þurrsalernum eða rotþróm og siturlögnum.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að skólphreinsun verði með safntönkum og þurrsalernum.

Umhverfisstofnun bendir á að gera hefði þurft betri grein fyrir allt að 10 metra háu fjarskiptalofneti, ásamt sýnileikakorti og frekara mati á áhrifum þess.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að hætt er við áform um fjarskiptalofnet.

Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að mannvirki falli sem best að landi og að þau verði máluð í jarðlitum. Einnig sé nauðsynlegt að byggingar hafi svipað byggingarlag til að heildarsvipmót svæðisins haldist.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að félagið mun beita sér fyrir því að Höskuldsskáli verði málaður sem fyrst.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu um friðland að Fjallabaki þá er mannvirkjagerð háð framkvæmdaleyfi Umhverfisstofnunar og telur stofnunin því eðlilegt að haft hefði verið samráð við stofnunina á fyrri stigum málsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Bent er á að hvorki liggur fyrir verndaráætlun fyrir friðlandið eða upplýsingar um þolmörk svæðisins við Hrafninnusker. Stofnunin telur að rúmlega tvöföldun byggingarmagns á svæðinu sé mikil framkvæmd á mjög viðkvæmu svæði.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hrafninnusker í Rangárþingi ytra. Framkvæmdin felst í uppsetningu nýs landvarðaskála, stækkun núverandi gistiskála, bættri snyrtiaðstöðu, auk vindskýlis og gerð skjólveggja á tjaldsvæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar þjónustumiðstöðvar við Hrafninnusker í Rangárþingi ytra verði óveruleg á náttúrufar og ásýnd svæðisins. Nú þegar eru byggingar á svæðinu og felur framkvæmdin fyrst og fremst í sér stækkun

þeirra en auk þess nýtt skálavarðahús auk vindskýlis og skjólveggja á tjaldsvæði. Fram kemur í gögnum málsins að við framkvæmdina sé stefnt að því að mannvirki falli sem best að umhverfi og útlit þeirra samræmt auk þess sem þau þjóni sem best aukinni umferð ferðamanna um svæðið. Fjarskiptamastur sem kynnt var í gögnum málsins verður ekki sett upp né gert ráð fyrir akstursleið eða bílastæðum við skálann þar sem umferð ökutækja er aðeins heimil á frosinni og snævipakinni jörð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðafélags Íslands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Ferðafélags Íslands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hrafninnusker í Rangárfingi eystra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð leyfum Rangárfings ytra skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf samþykkis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir nýjum mannvirkjum þ.m.t. vatns- og fráveitu. Áður en leyfi sveitarstjórnar er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif uppbyggingar þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hrafninnusker í Rangárfingi ytra á náttúru og fornminjar. Fjallað hefur verið um þessi áhrif í umhverfismati deiliskipulags fyrir svæðið og með kynningu þess gafst almenningi tækifæri til að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kera ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2010.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson